



Fundargerð

Aðalfundur Íslandsdeildar NJF

Haldinn 23. mars 2017 hjá Lbhí á Keldnaholti í Reykjavík

Mættir: Járngerður Grétarsdóttir Lbhí, Guðrún Lárusdóttir Lbhí, Snorri Sigurðsson DK, Guðni Þorvaldsson Lbhí, Jónatan Hermannsson Lbhí og Ólafur Dýrmundsson BÍ.

Guðmundur Jóhannesson RML og Sveinn Hallgrímsson tóku þátt í fundinum í gegnum Skype.

Anna Margrét Jónsdóttir RML boðaði forföll.

Snorri Sigurðsson, formaður, setti fund kl. 12:10 og bauð fundarmenn velkomna til hans. Snorri fór yfir dagskrá fundarins sem var eftirfarandi:

1. Kosning starfsmanna
2. Skýrsla stjórnar og reikningar
3. Yfirlit frá skorarfulltrúum
4. Önnur mál

1 Kosning starfsmanna.

Guðrún Lárusdóttir var kosinn ritari og ritar fundargerð.

2. Skýrsla stjórnar og reikningar

2.1. Starfssemi stjórnar

Framkvæmdastjórinn Anna Mårtensson slasaðist illa á síðasta ári og hefur mikið verið frá vinnu, kemur aftur til starfa í apríl 2017 og heldur áfram í hlutastarfi eins og áður. Formaður stjórnar hefur sinnt því sem sinna þarf. En augljóslega hefur eitt og annað legið í dvala.

Aðalstöðvar NJF núna eru í Uppsala, er það afar farsæl breyting og felur í sér mikið hagræði og tímasparnað.

Aðalfundurinn næsti verður 20. maí 2017 í Kaupmannahöfn.

Stjórnin þetta árið er: Fredrik Fogelberg, Chairman and NJF President, Jarkko Niemi, NJF Finland, Alastair James Ward, NJF Denmark, Snorri Sigurdsson, NJF Iceland, Kirsty McKinnon, NJF Norway, Anders Larsolle, NJF Sweden, Oliver Sada, NJF Estonia, Baiba Rivza, NJF Latvia, Linas Stabingis, NJF Lithuania og Anna Mårtensson, NJF Secretary General

Fjármál eru enn á sviðum stað, þ.e. það vantar pening en vonir eru bundnir við að á næsta árið, þegar NJF heldur upp á 100 ára afmæli sitt, að þá muni eflast fjármálastaða félaganna.

Ráðstefna á 100 ára afmæli NJF verður ráðstefna haldin í Litháen.

Stjórnin heldur tvo fundi á ári; vorfund og haustfund.

2.2. Vísindanefnd

Vísindanefndin fundaði einnig á árinu. Þeir sem sitja þar eru: Fredrik Fogelberg, Liga Paura (dýrahópur), Jarkko Niemi (hagfræðiskor), Kirsty McKinnon (plöntuskor), Birgitta Åhman (hreindýraskor), Snorri Sigurdsson (tæknisvið) og Anna Mårtensson.

2.3. Íslandsdeild NJF

Stjórnin samanstendur af: Snorri Sigurðsson formaður (aðalstjórn, vísindanefnd og tækniskor), Guðrún Lárusdóttir (hagfræðiskor), Guðmundur Jóhannesson (búfjárskor), Anna Margrét Jónsdóttir (plöntuskor), Járngerður Grétarsdóttir (umhverfisskor) og Sveinn Hallgrímsson.

Enginn formlegur fundur haldinn á árinu nema ársfundur. Hinsvegar voru fundir og málefni rædd á netinu og ákvarðanir teknar.

Fengum eina umsókn um styrk á árinu, frá starfsmanni RML og var hún samþykkt.



Fjöldi félagsmanna er enn þá rétt tæplega 100, um leið og það er ákveðin fækkun á hverju ári þá hefur líka komið inn fjölgun. Við höfum því haldið nokkuð stöðugum fjölda félagsmanna í gegnum tíðina.

SH kom með hugmynd varðandi fjölgun félaga á Íslandi og leggja það til að bjóða útskrifuðum nemendum frá Lbhí verði boðið frí aðild fyrsta árið. Tillaga SH var samþykkt með öllum atkvæðum.

2.4. Ársreikningur

Guðmundur fór yfir ársreikning NJF á Íslandi fyrir árið 2016. Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins rúmlega 503.154kr á árinu 2016. Eigið fé í lárslok 2016 nam 5.284.283 kr samkvæmt efnahagsreikningi.

Rekstrartekjur skiptast þannig að félagsgjöld voru 232.900kr, framlög og styrkir voru 400.000kr og aðrar tekjur voru 35.450 kr.

Var ársreikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum og enginn á móti.

3. Yfirlit frá skorarfulltrúum:

3.1. Umhverfisskor (Járngerður Grétarsdóttir)

Helena Aronsson (formaður). Swedish University of Agricultural Sciences, Department of Soil and Environment, P.O. Box 7014, 750 07 Uppsala, Sweden. E-mail: helena.aronsson@slu.se

Asko Simojoki (varaformaður). University of Helsinki, Department of Food and Environmental Sciences. E-mail: asko.simojoki@helsinki.fi

Christen Duus-Borgesen. Denmark. E-mail: christen.borgesen@agro.au.dk

Járngerður Grétarsdóttir. Agricultural University of Iceland, Keldnaholti 112, Reykjavík, Iceland. E-mail: jarngerdur@lbhi.is

Susanne Eich-Greatorex. Norge. E-mail: susanne.eich@nmbu.no

Toomas Tamm. Estonian University of Life Sciences, Department of Water Management, Kreutzwald Str 5, Tartu, Estonia EE51014. E-mail: toomas.tamm@emu.ee

Viesturs Jansons. Latvia University of Agriculture, Faculty of Rural Engineering, Department of Environmental Engineering and Water Management, Akademijas iela 19, Jelgava, Latvia. E-mail: viesturs.jansons@llu.lv

Virginijus Feiza. Institute of Agriculture, Lithuanian Research Centre for Agriculture and Forestry, Instituto al. 1, LT-58344 Akademija, Kėdainiai distr, Lithuania. E-mail: virgis@lzi.lt

Einn símafundur var haldinn á árinu, þann 12.okt 2016 sem undirrituð tók þátt í eftir bestu getu. Nokkuð brösuglega gekk að ná sambandi við alla aðila (Skype-fundur) en eftirtaldir voru tengdir: Helena, Asko, Járngerður, Susanne, Viesturs, Virginijus, Tommas og Christen. Aðallega var rætt um næstu viðburði á vegum félagsins, bæði skorarinnar og stærri fundi. Fram kom að Virginijus tók þátt í Scientific Board meeting in Kaunas 22.sept. 2016 sem fulltrúi skorarinnar og verður hann það einnig á fundi 2018. Rætt var um möguleika á næsta fundi skorarinnar, hugsanlega í apríl í Finlandi. Í kjölfar fundarins var sendur listi yfir skráða félagsmenn í aðildarlöndunum. Á listunum kemur fram að Norðurlöndin eru með um 300 félaga en Ísland, Eistland Lettland og Litháen í kringum 100 félaga. Á fundinum voru eftirfarandi tillögur að málstofum rædd:

- Seminar after PhD course about crop modelling in Denmark in August 2017 (1-2 dagar).
- Co-organizing a seminar on Soil C with the Plant Section 5.-7.Okt 2017 in Estonia as a joint event with the Nordic ministries conference.

Í framhaldi þessa fundar hefur komið fram nýlega (tölvupóstur í mars 2017) að hugsanlega verði haldin málstofa um gróðurhúsalofttegundir í Svíþjóð í október á þessu ári og spekulásjónir um hvort það geti orðið NJF-málstofa.



Hér eru nánari upplýsingar um málstofu/vinnufund (NJF workshop) sem haldin verður í Foulum í Danmörku í ág. 2017 (á eftir PhD kúrsinum: Modelling climate effects in the soil-crop system - 28 august – 3 september 2017, <http://agro.au.dk/phd-uddannelse/phd-courses/modelling-climate-effects-in-the-soil-crop-system/>)

3.2. Plöntuskor (Anna Margrét Jónsdóttir)

Haldið var seminar undir titlinum "Integrated crop protection (IPM) in Nordic and Baltic berry crops" í Lettlandi í lok janúar 2016.

Seminar undir titlinum "Nordic-Baltic Fusarium 9.-10. mars 2016 í Lettlandi.

Það er einhver umræða í gangi um seminar í "Soil science" og Þorsteinn Guðmundsson Lbhí er inni í þeirri umræðu. Merrit Shanskiy frá Eistlandi heldur utan utan um þá umræðu.

3.3. Hagfræðiskor (Guðrún Lárusdóttir).

Fyrsti fundur nýrrar skorar var haldinn í Helsinki 9. mars 2016. Nánast full mæting var á fundinn, þó vantaði fulltrúann frá Danmörku. Stjórnin samanstendur af e.f. aðilum: Niemi Jarkko (Finland, formaður), Baiba Rivza (Lettland, varaformaður), Sjur Spildo Prestegard (Noregur), Linas Stabingis (Litháen), Rando Värnik (Eistland), Guðrún Lárusdóttir (Ísland), Karin Hakelius (Svíþjóð) og Stine Hjarnø Jørgensen (Danmörk).

Þann 5. október 2016 var haldinn Skype fundur með ágætri þátttöku, fjórir af sjö tóku þátt. Jarkko Niemi FI, Sjur Spildo Prestegard NO, Guðrún Lárusdóttir IS og Linas Stabingis LI. Á fundinum var fjallað um það sem væri framundan hjá NJF og eins farið yfir hugmyndir sem hafa komið upp hjá hagfræðiskor og gerð tilraun til að pota þeim áfram.

Enn eru aðallega fjórar hugmyndir í gangi:

1. Economics of livestock production. Niemi.
2. Trade agreements, trade regulations. Sjur, síðla árs 2017.
3. Seminar on value chains. Hugmynd að Baiba tæki þetta að sér.
4. Webinars. Hugmynd frá Gurrú.

Þá var fundinum lokað á þeim nótnum að Niemi Jarkko myndi finna nýjan tíma fyrir annað hvort Skype fund eða raunverulegan fund. Ekkert hefur heyrst.

3.4. Búfjárskor (Guðmundur Jóhannesson)

Hlutverk skorarinnar er að auka og afla nauðsynlegrar vitneskju til þróunar norrænnar búfjárframleiðslu með sameiginlegu starfi norrænu og baltnesku þjóðanna og að þróa líf- og hagfræðileg framleiðslukerfi í sátt við umhverfið og væntingar neytenda. Framleiðendur og notendur þessarar vitneskju, hvort heldur um ræðir virka eða óvirka þiggjendur eða gefendur, má finna á öllum stigum fæðukeðjunnar sem nær frá framleiðendum, um afurðastöðvar, milliliði og sölukerfi allt til neytenda í samstarfi við og um fjölþjóðleg tengslanet.

Meðal mikilvægra röksemda fyrir öflugari búfjárframleiðslu í norrænu og baltnesku löndunum eru fæðuöryggi, mikil gæði, lágmörkun innfluttrar fæðu og viðhald sjálfbærrar byggðar á dreifbýlli svæðum. Skorin nær ekki eingöngu til stóru framleiðslutegundanna, nautgripa, svína og alifugla, heldur eru hross og loðdýr meðtalin enda mikilvægar framleiðslueiningar.

Meginrannsóknasvið eru framleiðslukerfi, umhverfismál, búfjárrækt, erfða- og líftækni, fóðrun, fóðurmat og –gæði auk velferðar og heilsuþrigðis búfjár.

Aðalmarkmið námskeiða og ráðstefna á vegum skorarinnar er að afla og deila vitneskju, reynslu og góðum starfsháttum á framangreindum sviðum. Námskeið og ráðstefnur eru upplagður vettvangur til að efla tengsl milli vísinda- og rannsóknaaðila, ráðgjafa, starfsmanna landbúnaðarskóla og –háskóla auk annarra aðila á þessu sviði, eins og t.d. frá mjólkur- og kjötiðnaði.



Í stjórn skórarinnar sitja:

- Letland:** Līga Paura, formaður
Latvia University of Agriculture, Department of Control Systems, Liela str.2, Jelgava,
Latvia LV-3001
Phone: +371 6300 5707, e-mail: liga.paura@llu.lv
- Eistland:** Ragnar Leming, ritari
Estonian University of Life Sciences, Institute of Veterinary Medicine and Animal
Sciences, Department of Animal Nutrition
Kreutzwaldi 62, Tartu, Estonia
Phone: +372 7313 444, e-mail: ragnar.leming@emu.ee
- Noregur:** Egil Prestlökken
Norwegian University of Life Sciences (UMB), Department of Animal and Aquacultural
Sciences (IHA)
P.O. Box 5003, NO-1432 Ås, Norway
Phone: +47 67232654, mobile: +47 905 18568,
e-mail: egil.prestlokken@nmbu.no
- Danmörk:** Ole Kristensen
Østergade 4, 8660 Skanderborg, Denmark
Phone: +45 2171 7784, e-mail: mossehoej@gmail.com
- Finnland:** Katri Karkinen
University of Eastern Finland, Department of Sociology and Social Policy
P.O. Box 111, 80101 Joensuu, Finland
Phone: +358 4006 54068, e-mail: katri.karkinen@uef.fi and
katri.karkinen@lammasoja.net
- Ísland:** Guðmundur Jóhannesson
The Icelandic Agricultural Advisory Centre
Austurvegur 1, 800 Selfoss, Iceland
Phone: +354 516 5019, e-mail: mundi@rml.is
- Svíþjóð:** Katarina Arvidsson Segerkvist
Swedish University of Agricultural Sciences, Department of Animal Environment and
Health
Box 234, SE-532 23 Skara, Sweden
Phone: +46 511 67144, e-mail: katarina.segerkvist@slu.se
- Maíshópur (Maize silage): Elisabet Nadeau**
Swedish University of Agricultural Sciences (SLU), Department of Animal Environment
and Health
P.O. Box 234, SE-532 23 Skara, Sweden
Phone: +46 511 67142, e-mail: elisabet.nadeau@slu.se
- Loðdýrafulltrúi:** Tor Mikael Lassen
Kopenhagen Fur, Lassén Feed Consult
Øster Hornumvej 14, Øster Hornum
DK-9530 Støvring, Danmark
Phone: +45 9826 9083/+45 4025 3059, e-mail: mikael@lassen-feed-consult.dk



Starfsemi á árinu 2016

Starfsemi stjórnarinnar hefur verið lítil utan einstaka tölvupóstssamskipti.

Framundan er ráðstefna um velferð dýra og endingu „Animal welfare and longevity“ dagana 20.-21. apríl 2017 í Riga í Lettlandi. Í undirbúningsnefnd sitja eingöngu Lettar og í vísindanefnd ráðstefnunnar eru Finnar, Eistar og Lettar.

Loðdýrahópurinn hélt ekki sinn árlega fund vegna IFASA (International Fur Animal Scientific Association)- fundar/ráðstefnu í Helsinki í ágúst 2016. Stefnt er að fundi í ágúst 2017. Þátttakandi okkar í þessum hópi er Ditte Clausen.

3.5. Tækniskor (Snorri Sigurðsson)

Einn fundur á árinu. Stefnan er að halda ráðstefnu einu sinni á ári og tengist þá Agronom sýningunni í Danmörku.

Næsti fundur er 23. maí í Kaupmannahöfn. Eitt aðalefni verður þar tekið fyrir og það er dagskrá fyrir 100 ára afmælisráðstefnuna.

Upp hefur komið hugmynd að halda ráðstefnu í samvinnu við búfjárskorina og þá að efnið verði mjaltir og mjaltþjóna. SS vill gjarnan halda þessa ráðstefnu á Íslandi.

Tölvupóstar eru mikið notaðar í öllum samskiptum og nefndarmenn eru mjög virkir að skiptast á skoðunum.

Snorri er á sínu síðasta ári sem formaður í tækniskor.

3.6. Hreindýraskor

Erum ekki með fulltrúa þar inni.

5. Önnur mál.

ÓD benti á að styrkur sem NJF Íslandsdeild hefur boðið upp á fyrir ráðstefnur er orðinn heldur rýr.

Styrkurinn hefur verið 100.000kr í ansi langan tíma og ÓD leggur til að upphæðin verði hækkuð.

Tillaga kom fram um að hækka styrkinn í 150.000kr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Engin atkvæði á móti.

SH spurði út í hvort að það stæði til að Íslandsdeildin ætlaði að gera eitthvað sérstaklega hér á Íslandi til að halda upp á 100 ára afmælið. SS svaraði því til að þetta yrði einmitt rætt á næsta aðalfundi þar sem að hugmynd væri komin upp nú þegar að hvert land fyrir sig myndi halda NJF 100 ára viðburð í hverju landi fyrir sig í aðdraganda 100 ára ráðstefnunnar í Kaunas árið 2018.

Ekki fleira rætt.

Fundi slitið kl. 13:10

Fundarritari Guðrún Lárusdóttir